

Til nýkjörinna sveitarstjórna með ósk um að þetta verði lagt fyrir fund sveitarstjórnar

## **Skipun öldungaráða og mikilvægi virks samráðs við eldra fólk**

Landssamband eldri borgara (LEB) óskar nýkjörnum sveitarstjórnnum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í komandi verkefnum.

Í þessu samhengi vill sambandið minna á að samkvæmt lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra ber sveitarfélögum að skipa öldungaráð og greiða fyrir vinnu ráðsins.

### **„6. gr.**

*[Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.]<sup>1)</sup>*

**Kostnaður af starfi [öldungaráðs]<sup>2)</sup> greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði [þess]<sup>2)</sup> í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.**

### **7. gr.**

*[Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.]<sup>1)</sup>*

*Sveitarstjórnir velja [öldungaráðinu]<sup>2)</sup> formann úr hópi [öldungaráðsmanna].<sup>2)</sup>*

### **8. gr.**

*[Öldungaráð]<sup>1)</sup> skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:*

- 1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.*
- 2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.*
- 3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna*

*öldruðum þá kosti sem í boði eru.*

*...Markmið öldungaráðs er að tryggja skipulagt samráð við eldra fólk og að sjónarmið þess komi að stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélaga í málefnum sem hafa bein áhrif á líf þess og lífsgæði.“*

Öldungaráð er mikilvægt ráðgefandi stjórnvaldstæki og vettvangur lýðræðislegrar þátttöku. Í ráðinu gefst eldra fólki tækifæri til að miðla reynslu sinni og þekkingu, og koma á framfæri sjónarmiðum um þjónustu, aðgengi, búsetu og aðra þætti sem skipta það máli. Virkt öldungaráð styrkir þannig bæði stefnumótun og gæði þjónustu sveitarfélaga.

Til að tryggja að hlutverk ráðsins nýtist sem best er mikilvægt að sveitarfélög;

- tryggi virka þátttöku fulltrúa eldra fólks
- veiti þeim fullnægjandi leiðsögn og ráðgjöf um stjórnsýslu sveitarfélagsins

- tryggi að fulltrúar hafi skilning á ákvarðanatökufærum, verkaskiptingu og leiðum til að koma málum á framfæri
- og skapi skýrann ramma um starfsemi ráðsins og samskipti þess við stjórnvöld sveitarfélagsins

Með þessum hætti er stuðlað að því að öldungaráð verði öflugur og áhrifaríkur samráðs- og samstarfsvettvangur.

Landssamband eldri borgara hvetur sveitarstjórnir til að leggja áherslu á öflugt starf öldungaráðs frá upphafi kjörtímabils og sambandið er reiðubúið til frekara samtals og samstarfs um þessi málefni.

Reykjavík í júní 2026

**Landssamband eldri borgara**